



**ORKUSTOFNUN**

## Jarðhitaleit við Núp í Fljótshlíð

**Ragna Karlsdóttir,  
Kristján Sæmundsson**

**Greinargerð RK-KS-92-03**

## JARÐHITALEIT VIÐ NÚP Í FLJÓTSHLÍÐ

### 1. INNGANGUR

Í TEM-mælingum í Fljótshlíð 1991 fannst lágt viðnám í jörðu við Núp. Lágt viðnám getur verið vísbending um jarðhita svo rétt þótti að skoða betur þetta svæði, og var því fleiri mælingum bætt við í maí 1992. Það gaf einnig tilefni til að skoða nánar jarðlög og sprungur í klettaröðlum og gilskorningum þar nærrí, sem og jarðög og hita í borholum kringum Hvolsvöll.

### 2. VIÐNÁMSMÆLINGAR

Mælingarnar frá 1991 svo og eldri mælingar sýna að viðnám á 500 - 1000 metra dýpi (svæðisviðnám) er nálægt  $30 \Omega m$ . TEM-mælingin RFT-1 við Núp sýnir verulega lægra viðnám eða  $15 \Omega m$ . Fjórum mælingum (RFT-8 til RFT-11) var bætt við til þess að afmarka betur og fá staðfestingu á þessu lágvíðnámssvæði (mynd 1).

Mæling RFT-8 við Dufþaksholt er há eða  $29 \Omega m$  eins og sést í eldri Schlumberger-mælingum í nágrenninu. Mæling RFT-9 sem er um 2,5 km sunnan við Núp er heldur lægri eða  $23 \Omega m$  og RFT-11 sem er um 1,5 km SA við Núp er  $18 \Omega m$ . Þannig lækkar viðnámið í næsta nágrenni við Núp. Mæling RFT-10 við Núpsfjall er lægst eða  $13 \Omega m$  og staðfestir því greinilega viðnámslægð við Núp. Mælingarnar RFT- 1,2,9,10 og 11 gefa auk þess vísbendingu um að neðan 1000 - 1200 metra dýpis sé lægra viðnám eða innan við  $10 \Omega m$ , en á svo miklu dýpi er vart hægt að ákvarða viðnám með þessarri aðferð og því aðeins hægt að tala um vísbendingu.

Hvað veldur viðnámslægðinni við Núp verður aðeins ákvarðað með borun.

### 3. FLJÓTSHLÍÐ, JARÐFRÆÐI

Jarðög í utanverðri Fljótshlíð eru móbergslög, tugir metra á þykkt og talsvert víðáttumikil, með stuðlabergi neðst og óreglulegum stuðlabergskleggjum innan um móbergið ofar. Lög þessi hafa myndast við hraunrennsli undir jökli, og geta þau náð langa leið frá upptökum. Móbergslög af þessari gerð mynda allan heiðaflákann frá Hvolsvelli austur undir Hlíðarenda, upp að Vatnsdalsfjalli og Þríhyrningi sem eru yngri myndanir. Líklega eru lög þessi upprunnin austan til í hábungu heiðaflákans vestur af Tindfjalla-jökli. Merki um gosstöðvar þar sem löggin gætu verið upprunnin eru þó ekki þekkt. Mó-

bergslögin svo og yngri hraunlög sem koma fram á kafla innar í Fljótshlíð hafa rétta segulstefnu og eru eflaust frá núverandi segulskeiði, þ.e. yngri en 0,7 miljón ára. Móbergið er töluvert rofið. Hraunlagastaflinn milli Hlíðarenda og Eyvindarmúla hefur t.d. lagst í dal sem grafist hefur í móbergslögin.

**Ummyndun og holufylling.** Jarðlögin sýna lítil merki ummyndunar umfram palagónitiseringu og leirfyllingu í holum og sprungum. Af völdum þessa er bergið nokkuð þétt, einkum móbergstúff og túffríkar breksíur. Bólstraberg er gropið, en ekki er mikið að sjá af því. Lindir spretta fram hér og þar. Þær eru vatnslitlar, en finnast upp um allar heiðar og í giljadögum. Grunnvatnsstaða í heiðinni er samkvæmt því nokkuð há. Hætta er á að fólsk grunnvatnsborð blekki. Lekt bergsins skiptir máli í sambandi við grunnar rannsóknarholur ef boraðar yrðu til könnunar á hitastigli. Slíkar holor koma því aðeins að gagni að bergið sem borað er í sé sæmilega þétt og gegnumrennsli í því lítið sem ekkert. Móbergsmyndanirnar vestast í Fljótshlíð eru líklega nógu þéttar til að gefa hitastigul, en hætt er við lekaleiðum á lagamótum, og gæti rennsli þar truflað nokkuð.

Sprungur sjást hvarvetna þar sem berggrunnur liggar ber. Flestar eru einungis brestir og stefna óreglulega. Langar og beinar sprungur, og sem næst lóðréttar, stafa líklega af seinni höggun jarðlaganna. Algengastar af þeim toga eru sprungur með NA-SV og aust-vestlægri stefnu. Sprungur sem stefna þvert þar á koma einnig fyrir. Yfirleitt eru sprungurnar lokaðar og án sprungufyllinga. Þó koma fyrir meðal aust-vestlægu sprungnanna allt að 1 cm þykkar sprungufyllingar úr kalsíti, aragóníti og kabasíti í sprungum sem einhvern tíma hafa verið opnar (Flókastaðaá). Um þær hefur seitlað upp undir 50°C heitt vatn. Í borsvarfi úr rannsóknarholu á Hvolsvelli finnast þessar steintegundir einnig allt upp undir 70 m dýpi. Ekki þarf þetta að þýða að jarðhitakerfi sé enn til staðar þarna undir. Aust-vestlægu sprungurnar eru markverðar að því leyti að þær liggja samsíða langási eldstöðvakerfisins í Tindfjallajökli. NA-SV-læga sprungustefnan er hin sama og sést t.d. í Þríhyrningi. Þetta er meginprungustefna í eystra gliðnunarbeltinu og kann áhrifa þess að gæta vestast í Fljótshlíð. Ungar jarðskjálftasprungur eins og finnast vestast á Suðurlandi eru ekki þekktar í Fljótshlíð. Þær kunna þó að dyljast þar.

**Borholan** á Stórólfshvoli (575 m djúp) er athyglisverð í sambandi við boranir á Núpi þar sem búast má við líkum jarðögum á báðum stöðunum. Holan á Stórólfshvoli var boruð í móbergsmyndanir með þunnum basaltlögum eða eitlum niður í tæpa 200 m (mynd 2). Þessi stafli virðist vera sömu gerðar og lögin sem sjást í fellunum þarna norður og austur af. Fyrir neðan 220 m eru basalthraunlög, en frá tæpum 400 m var borað í blágrýtismyndun. Jarðlögin voru hrungjörn á köflum frá 80 m niður í tæpa 400 m. Holan var nokkuð lek, einkum ofan 130 m. Hitamælingar eru margar til á Stórólfshvolsholunni. Þær voru gerðar í borun og stuttu eftir borun. ein mæling er til frá


1979, þremur árum eftir borun. Hún er líklega næst því að sýna réttan berghita, en hann er nálægt stigli upp á  $76^{\circ}\text{C}/\text{km}$  (mynd 3). Af mælingum sem gerðar voru í borun, áður en holan kom í æð í 530 m virðist að  $10-20^{\circ}\text{C}$  heitt vatnskerfi sé ofan 200 m. Hið sama kemur fram í 80 m djúpri holu á Hvolsvelli, en hún er  $14^{\circ}\text{C}$  í botni (mynd 4). Vatnið í djúpu holunni reyndist vera ísalt, þ.e.  $10-20\%$  sjór.

#### 4. NIÐURSTÖÐUR

Jarðlög í vestanverðri Fljótshlíð eru móberg, aðrunnið langa leið frá upptökum. Það myndar tuga metra þykk lög með basalt við botn. Ummyndun er lítil, og lekt nokkur einkum á lagamótum. Sprungur með aust-vestlægri stefnu gefa helst von um sprungulekt. Jarðlög í undirgrunni eru nokkuð lek niður á 200 m dýpi miðað við flatlendið. Þau eru nokkuð hrungjörn, en versti hrunkaflinn sem við var að fást í Stórlófshvolsholunni var í kringum 380 m dýpi. Vatnskerfi,  $10-20^{\circ}\text{C}$  heitt er ofan 200 m dýpis á svæðinu kringum Hvolsvöll, en berg með hitastigul upp á  $76^{\circ}\text{C}/\text{km}$  þar neðan við. Svipað gæti gilt um svæðið kringum Núp, þótt hitastig í grunnu vatnskerfi kunni að vera hærri, ef meiri hiti er þar undir.

Greinileg viðnámslægð ( $13 - 15 \Omega\text{m}$ ) kemur fram við Núp. Einnig er viðnám í næsta nágrenni Núps nokkuð lægra en svæðisviðnám sem er um  $30 \Omega\text{m}$ .

Rétt væri að bora a.m.k. eina rannsóknarholu nærri Núpi. Hún þyrfti að ná a.m.k. 150 m niður fyrir flatlendið.





◇ TEM-mæling

● Schlumbergermæling

Tölur sýna viðnám  
á 500-1000 m dýpi

0 5 km

*mynd 1*



mynnd 2

SKÝRINGAR

- Móberg
- Sæt í millilögum
- Hraunkargi eða breksia
- Basalhraunlög

- R Raudur lítur á millilögum

ORKUSTOFNUN


JARDLAGASNIÐ

Síðaflíshvall, höla I.

77 OG-OR AG-WK 241 Tr. 79 J-Rengör vs Fnrt. 15248

15 2 Jun 1992 ks  
L= 82011 Oracle


Stórlfshvoll  
Rannsóknarhola



mynnd 3

15 2 Jun 1992 ks  
L= 82011 Oracle

Stórlfshvoll  
Rannsóknarhola  
Hitamæling í borun, stangir uppi



mynnd 4